

# Þunglyndislyf hækkar um 350 prósent

Sveinn Magnússon hjá Geðhjálp segir það hneyksli að verð á þunglyndislyfinu Amilín sem nú heitir Amitriptyline hafi skyndilega hækkað um 350 prósent. Hann kallar heilbrigðisyfirvöld til ábyrgðar og segir þau hafa brugðist hlutverki sínu. Hjördís Árnadóttir, hjá Actavis sem framleiðir lyfið, segir gengisþróun hafa áhrif á verðlagið en bendir á að verð á lyfinu hafi ekki hækkað í tæpan áratug.

„Mér finnst þetta skandall. Ég verð bara að segja alveg eins og er. Við vitum auðvitað að öll aðföng eru orðin dýrari en ella vegna stöðu gengisins. Ríkinu ber að koma inn og niðurgreiða þetta enn frekar,“ segir Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálp, um ríflega þrefalda verðhækkun á þunglyndislyfi.

Actavis tók lyfið Amilín af markaði í júlímánuði og setti í staðinn á markað lyfið Amitriptyline. Lyfin hafa sama virka innihaldsefnið, amitriptyline. Amilín er gamalreynt lyf sem notað hefur verið við þunglyndi og svefntruflunum, aðallega af öldruðum, gigtarsjúklingum og geðsjúkum, en einnig við næturþvagliátum hjá börnum. Ekkert samheitalyf er á markaðnum.